

Heimsreisa mín

Þegar ég horfi til baka yfir ævi mína þá finnst mér að ég hafi farið í „heimsreisu“ í þeirri merkingu að hafa færst úr einum heimi í annan, svo miklar eru breytingarnar og það á innan við einum mannsaldri.

Ég fæddist 1950 og bjó fyrstu æviárin í Haukadal í Dýrafirði. Þar, eins og víða í afskekktari sveitum landsins, var lífið enn með fornu sniði. Rafmagn var ókomið og lýsingin því einkum með olíulömpum, útvarpið gekk fyrir rafhlöðu. Kynding með mó eða kolum auk tilfallandi eldsneytis. Neysluvatnið var borið inn í fötum eða því dælt úr brunni, víðast var útikamar. Heyinu snúið og rakað saman með hrífum. Á veturna þurfti að bera vatn í skepnurnar úr brunni. Í barnaskólanum voru svona 10-15 börn og kennt í tveimur deildum, eldri deild og yngri deild, og um tíma var farskóli, það er kennsla var í tvær vikur, síðan fór kennarinn og kenndi annars staðar í tvær vikur en setti fyrir hvað við ættum að læra á meðan.

Ég náði sem sé að upplifa þetta gamla þjóðfélag og segi stundum að ég sé fæddur í lok miðalda. Mörg borgarbörn voru send í sveit á sumrin og fannst þetta líf

spennandi enda gaman að lifa þegar bjart er allan sólarhringinn. Þetta var nú ekki eins heillandi líf fyrir okkur sem vorum þarna allt árið, yfirþyrmandi myrkur í skammdeginu, mikið fannfergi og allir vegir ófærir langtímum saman.

En þarna, nokkrum árum eftir stríðið, er þetta gamla þjóðfélag í andarslitrunum. Fólk sá að afkoman var miklu betri í þéttbýlinu. Búin gáfu lítið af sér, enginn grundvöllur var fyrir rekstrinum til lengri tíma og ekki nema grunnskóla að hafa í sveitinni. Því fór svo að við fluttum til Hafnarfjarðar 1962 og þá upplifði ég fyrsta áfanga „heimsreisunnar“. Þarna var auðvitað rennandi vatn, rafljós og miðstöðvarkynding en mestu viðbrigðin voru þó menningarsjokkið, að koma í stóran skóla, heyra um allt sem hin börnin höfðu upplifað og segja frá. Margt var í boði sem ég hafði aldrei kynnst áður.

En þjóðfélagið var líka að breytast hratt í þéttbýlinu. Vöruúrval hafði verið mjög einhæft og oft var vöruskortur. Til dæmis fékkst nánast eingöngu íslenskt sælgæti og ég man eftir að hafa á unglingsárum gert mér ferð með strætó í ákveðna sjoppu



Vésteinn Jónsson

augnlæknir

í Reykjavík sem seldi smyglað Wrigley's tyggjó. Við afléttingu viðskiptahafta gjörbreyttist allt, vöruúrvalið margfaldaðist.

Í lækisfræðinni hafa framfarirnar verið stórkostlegar. Þegar ég byrjaði í sérnámi mínu í augnlækningum á Karólínska sjúkhuset í Stokkhólmi 1978 þurftu sjúklingar að liggja inni í þrjá til fimm daga eftir aðgerð vegna skýs á augasteini og þurftu síðan að ganga með mjög sterk gleraugu sem erfitt var að venjast. Í dag tekur aðgerðin 10 mínútur og með gervi-augasteini verður sjónin nánast eins og á miðjum aldri, stundum jafnvel betri. Svipað má segja um framfarir í aðgerðum gegn gláku, glerhlaupsvandamálum, sjónulosi og fleiru. Lyf gegn gláku höfðu verið örfá og með miklar aukaverkanir en í dag er vól á mörgum góðum glákulyfjum.

Enn má nefna alla þá breytingu sem rafeindatæknin hefur fært okkur í daglegu lífi. Gjörvalla skólagöngu mína voru allir útreikningar gerðir á blaði og með hjálp reiknistokks og logaritmatöflu. Ég eignaðist fyrsta vasareikninn vorið 1976 og var það ótrúleg breyting. Á námsár-unum í Stokkhólmi voru samskiptin heim með sendibréfum, en fyrir kom að maður hringdi í miðstöð og pantaði símtal til Íslands á júlunum eða ef barn fæddist.

Þegar ég nú sit við tölvuna og spjalla við gervigreindina virkar það eiginlega óraunverulegt að ég hafi fyrir ekki svo löngu síðan verið að læra að lesa við daufan olíulampa.



Fyrir botni Haukadalss trónir hæsta fjall Vestfjarða, Kaldbakur (998 m). Nær og til hægri er Kolturshorn.